



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 28. nóvember 2018
nr. erindis 1811114 KJ

Á 846. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 27. nóvember 2018 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni þingsályktunartillaga um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll

Svofelld bókun var gerð:

Byggðarráð samþykkir eftirfarandi umsögn við 34. mál, þingsályktunartillögu á 149. löggjafarþingi 2018-2019 um Alexandersflugvöll sem varaflugvöll fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli, og verður hún send umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar framkominni þingsályktunartillögu um að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að láta gera ítarlega athugun á kostum þess að gera Alexandersflugvöll á Sauðárkróki að varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll.

Full samstaða ríkir innan allra flokka sem eiga sæti í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar um mikilvægi þess að þingsályktunartillaga þessi nái fram að ganga. Má því til staðfestingar nefna að á 845. fundi byggðaráðs var samþykkt samhljóða tillaga þess efnis að sækja um styrk til Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) til að vinna framkvæmdaráætlun fyrir Alexandersflugvöll. Þar sýna fulltrúar byggðaráðs í verki vilja til þess að láta gera ítarlega athugun á kostum þess að gera Alexandersflugvöll að varaflugvelli fyrir Keflavíkur-, Reykjavíkur-, Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli. Vinna tillögur byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar og þingsályktunartillaga þessi því að sama marki, því nái þingsályktunartillagan fram að ganga og niðurstöður undirbúningsvinnu og rannsókna ráðherra verði jákvæðar, styður fyrirhuguð framkvæmdaáætlun heimamanna við næstu skref í uppbyggingu Alexandersflugvallar.

Við umsagnir sama máls frá fyrri þingum hafa ýmsir aðilar, þ.m.t. Isavia, varpað fram mjög lausáætluðum tölum yfir mikinn kostnað við að byggja Alexandersflugvöll upp



Skagafjörður

Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 21 • 550 Sauðárkróki • S: 455 6000 • Netf.: skagafjordur@skagafjordur.is • Kt.: 5506982349

sem millilandaflugvöll. Virðast tölur þar stundum úr lausu lofti gripnar og furðulegt að þeim sé slegið fram með viðlíka hætti, enda er þingsályktunartillagan þess efnis að „láta gera ítarlega athugun“ á kostum þess að gera flugvöllinn að varaflugvelli og í því felst að ráðist yrði í faglega athugun á því hver kostnaðurinn yrði. Þannig yrði þingmönnum og stjórnvöldum kleift að taka upplýsta ákvörðun um framtíð vallarins, byggða á raunverulegri úttekt.


Um kosti þess að gera flugvöllinn að varaflugvelli, sem eru margir, er hægt að tíunda lengi og hefur margoft verið bent á þá og ávinning af slíkri uppbyggingu. Má þó sérstaklega benda á að í samgönguáætlun Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra kemur eftirfarandi m.a. fram forgangsröðum í málefnum flugvalla: „Að hugað verði að því að Alexandersflugvöllur verði varaflugvöllur fyrir millilandaflug á Akureyrarflugvöll.“ Styður tillagan þannig við þá brýnu hagsmuni Norðurlands að öruggt millilandaflug til og frá landshlutanum getið orðið árið um kring, enda þjóni Alexandersflugvöllur þá Akureyrarflugvelli geti þotur ekki lent á þeim velli.

Til að árétta mikilvægi Sauðárkróksflugvallar og það hve aðstæður til flugtaks og landinga eru þar góðar, m.a. m.t.t. veðurfars og flugtæknilegra skilyrða, má benda á að Flugakadémía Keilis hefur í hyggju að færa þangað hluta námsins á næstunni og hefur þegar hafið tilraunaverkefni þar að lútandi. Kennslan hefur hingað til að mestu verið tengd alþjóðaflugvöllinum í Keflavík en vegna mikillar umferðar þar hefur akademían verið að beina sjónum sínum annað og staðnæmst við góðar aðstæður á Sauðárkrókflugvelli.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar skorar á Alþingi að samþykkja tillöguna og styðja þannig við öflugar og öruggar samgöngur frá útlöndum til fleiri landshluta en nú er. Það mun tvímælalaust styrkja samkeppnishæfni landsbyggðarinnar og styðja við bætt lífskjör víða um land.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar



Kristín Jónsdóttir
skjalastjóri